



Alþingi  
Erindi nr. P 141/997  
komudagur 12.12.2012

## Hrunamannahreppur.

Sími 480 6600, Fax 480 6606, netfang; [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is), heimasíða [www.hrunamannahreppur.is](http://www.hrunamannahreppur.is)

Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

49. mál


Efni: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsaleigubætur vegna réttar námsmanna.

Á fundi hreppsnefndar Hrunamannahrepps 6. desember s.l. var fjallað um umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um húsaleigubætur vegna réttar námsmanna.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um húsaleigubætur vegna réttar námsmanna. Hreppsnefnd styður breytinguna.“

Flúðum 10. desember 2012

  
Sveitarstjórnin í  
Hrunamannahreppi.  
Jón G. Valgeirsson

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/810*  
*komudagur 3.12.2012*

Kópavogur 03.12.2012

**Umsögn við frumvarp til laga um breytingar á lögum um húsaleigubætur .**

**49. mál**

Í breytingartillögu felst að námsfólk geti fengið greiddar húsaleigubætur ef það er í námi og leigir húsnæði utan lögheimilissveitarfélags. Ekki er þá lengur gerð krafa um að húsnæðið sé heimavist skóla eða námsgarðar.

Velferðarsvið kópavogs sér lítið því til fyrirstöðu að gera þessar breytingar.

Sýslumenn á hverjum stað þurfa að vera tilbúnir til að þinglýsa fleiri en einum leigusamningi á hverja íbúð og gæta þarf að á hverjum samningi sé rétt hlutdeild í stærð íbúðarinnar.

Virðingarfyllst

Atli Sturluson

Skrifstofustjóri

Velferðasvið Kópavogs

**Umsögn (umbeðin, innra vinnuskjal)**

Umsagnar óskaði: Bæjarráð, 1100. fundur  
Varðandi: Alþingi  
Nr. erindis: 201211217  
Dags.: 03.12.2012  
Málefni: Umsögn framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs

---

Bæjarráð, 1100. fundur vísaði erindi Alþingis þar sem Mosfellsbæ var gefinn kostur á að gefa umsögn um frumvarp til laga um húsaleigubætur til umsagnar undirritaðar.

Ef frumvarpið nær fram að ganga njóta námsmenn sem stunda nám við framhaldsskóla og háskóla rétt til húsaleigubóta óháð því hvort þeir leigja á heimavist og námsgörðum eða í herbergjum með aðgangi að eldhúsi og baðherbergi í almennu leiguhúsnæði. Frumvarpið felur því í sér aukið jafnræði og réttarbót fyrir námsmenn.

Undirrituð telur ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Unnur V. Ingólfssdóttir  
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs